


HAFNARFJÖRÐUR

AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Markmið fyrirhugaðrar breytingar er að koma fyrir stofnræsi frá Nóntorgi að Hraunvallaskóla. Á lagnaleiðinni verður farið um jaðar hverfisverndarsvæðis HVa9, en að hluta yfir mitt svæði HVa8. Lögnin mun að mestu liggja meðfram núverandi gönguleiðum og vegum fyrir utan þar sem hún fer yfir mitt hverfisverndarsvæði HVa9.

Breytingin felst í minnkun hverfisverndarsvæðanna HVa8 og HVa9. Hverfisvernd HVa8 við Velli 2. áfanga, er hverfisvernd skilgreind á hraunhrygg, hraunkant og gjótur sem liggja eftir miðbili svæðisins. Hverfisverndarákvæði fela í sér að einkennum hraunsins verði haldið. Hverfisvernd HVa9 við Velli 6, er hraunjaðar sem með öllu er óheimilt að raska, sem og flatlendi sem liggur að leikskólalóð til suðurs og opnu svæði Valla 5 til vesturs. Hverfisverndarákvæði: Í hverfisvernd þessa svæðis felst að einungis er heimilt að leggja stíga og setja niður leiktæki á sléttlenda hluta þess. Framkvæmdir á svæðinu er háðar framkvæmdaleyfi.

FYRIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 1:15.000
Staðfest af skipulagsstofnun 10.07. 2014

Lagnaleiðin verður skilgreind í nýjum landnýtingarflokki VH1, Veitur og helgunarsvæði. Heildarstærð VH1 er 3ha.

Breytingar á landnýtingarflokkum í greinagerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025 samfara þessari breytingu verða því:

Tafla 23; Yfirlit yfir hverfisverndir A, bls. 79:

HVa8; Velli 2.-4. áfangi stærð 6ha breytist í 5,7ha
HVa9; Velli 6. áfangi stærð 4ha breytist í 3,7ha

Stofnræsið liggur að stórum hluta meðfram göngustíg í jaðri íbúðarhverfisins við Grísanes. Þar sem lögnin fer um hverfisverndað hraun skal framkvæmdin ekki raska nálægu hrauni og gengið skal frá yfirborði með þeim hætti að það falli að landslagi og sjónræn umhverfisáhrif framkvæmdanna verði í lágmarki. Nánari útfærslum er lúta að framkvæmd lagnavinnu og frágangi á yfirborði vegna hennar verður lýst á deiliskipulagsstigi.

EFTIR



Breytt landnotkun — Mörk breytinga 1:15.000

Skýringar:

M	Miðbær, miðsvæði
VP	Verslunar- og þjónustusvæði
S	Samfélagsþjónusta
I	Ibúðarsvæði
AT	Athafnasvæði
IB	Íbúðarsvæði
H	Hafnarsvæði
F	Svæði fyrir frístundabyggð
K	Kirkjugarðar og grafreitir
E	Efnistöku- og efnislosunarsvæði
IP	Íþróttasvæði
ÖB	Öbyggð svæði
AF	Afbreytingar- og ferðamannasvæði
	Skipulagi frestað
SL	Skógræktar og landgræðslusvæði
OP	Opin svæði til sérstakra nota
V	Vötn, ár og sjór
VH	Veitur og helgunarsvæði
FS	Fríðlýst svæði
ÖN	Önnur náttúruverndarsvæði
HV	Hverfisvernd (hvít yfirstríkun)
R	Fríðlýstar fornminjar
VB	Vatnsbólsvæði
VIG	Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
VIF	Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
MA	Bráðabirgða þynningarsvæði álvers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997
	Svæði takmarkaðrar ábyrgðar, greinagerð 2,2,6
	Sveitarfélagsmörk
	Stofnbrautir
	Stofnbraut, jarðgöng
	Tengibrautir
	Safngötur, sýndar að hluta vtenginga
	Mislæg gatnamót
	Undirgöng / brú
	Gönguleiðir, útivistarstígar
	Reiðleiðir
	Útivistarstígar
R	Háspennulína
R	Jarðstrengur
V	Aðveituæð vatnsveitu
H	Aðveituæð hitaveitu
F	Frärennsli
	Varnargarðar
	Þéttbýlismörk
R	Tengivirki
S	Spennistöð


SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann: 29.4. 2020


Bæjarstjórnin í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

þann: 22. maí 2020


SKIPULAGSSTOFNUN

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í

B-deild stjórnartíðinda þann: _____ 2020

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025 SVÆÐI: VELLIR, hverfisverndarsvæði



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ
HAFNARFJARÐAR
12.12.2019/Lagfært 20.02.2020 skv. aths.
Skipulagsstofnunnar dags. 23.01.2020
GUNNÞÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR